



Innan Samorku starfa fráveitur, hitaveitur,
vatnsveitur, raforkuframleiðendur og flutnings-
og dreifingaraðilar raforku

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/558
komudagur 6.12.2013

6. desember 2013

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (vatnsveitur og fráveitur o.fl.), 204. mál.

Umsögn Samorku einskorðast við 2. gr. frumvarpsins, en skv. henni er lagt til að stofnanir eða félög í meirihlutaeigu ríkis og/eða sveitarfélaga, sem falin hafa verið lögbundin verkefni vegna rekstrar vatnsveitu og/eða fráveitu verði undanþegin tekjuskatti að því leyti sem þau sinna þessum verkefnum enda séu þau að fullu aðgreind bókhaldslega frá annarri starfsemi bæði varðandi rekstur og efnahag.

Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða að mati Samorku. Líkt og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu hefur ríkt ákveðin óvissa um það að hvaða marki rekstur vatnsveitna og fráveitna er tekjuskattsskyldur þegar sveitarfélög hafa falið orkufyrirtækjum slíkan rekstur, líkt og mörg dæmi eru um og viðkomandi sveitarfélög hafa talið hagræði af. Hvað sem líður félagaformi er hins vegar um að ræða sérleyfisrekstur og mikilvægt að hann lúti alls staðar sömu reglum, og að þær séu skýrar.

Samorka styður því eindregið að 2. gr. frumvarpsins verði samþykkt.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri